



Kópavogi, 12. september 2023
22114511/210.01 ABS

Efni: Staða leikskólamála í Kópavogi haust 2023

Mönnun og aðlögun barna í leikskólum Kópavogs 11. sept. 2023

Vikulegir fundir hafa verið haldnir með leikskólastjórum frá því að sumarleyfum lauk þar sem m.a. er farið yfir stöðuna hverju sinni. Ljóst er að staða ráðninga og stöðugleiki í leikskólastarfinu er mun betri en á sama tíma í fyrra. Ánægja og bjartsýni ríkir meðal stjórnenda og starfsfólks. Leikskólastjórnendur segjast vera að fá góð viðbrögð við breytingum í leikskólunum, m.a. hafa nokkrir leikskólakennarar úr nágrennasveitarfélögum kosið að ráða sig til Kópavogsbæjar vegna þeirra breytinga sem samþykktar hafa verið.

Leikskóladeild hefur tekið út stöðuna varðandi mönnun og aðlögun barna í leikskólum Kópavogs við upphaf skólaársins. Staða mönnunar breytist dag frá degi.

Mönnun stendur þannig í dag að 13 leikskólar af 21 teljast vera fullmannaðir af starfsfólki og börnum m.v. heimildir. Enn á eftir að úthluta í 8 leikskóla vegna vöntunar á starfsfólki. Í flestum þessara leikskóla er aðeins um 5-10 pláss að ræða og gert er ráð fyrir að úthlutað verði í flest þeirra fyrir lok október. Enn á eftir að úthluta yfir 20-34 plássum í þrjá leikskóla af eftirfarandi ástæðum:

Austurkór: Síðustu ár hafa tvær deildir í leikskólanum verið lokaðar vegna skorts á mönnun og um 35 pláss ónýtt. Ánægjulegar fréttir eru þær að nú hafa allar deildir verið opnaðar í Austurkór með nýjum deildarstjórum. Jafnframt hefur tekist að ráða 10 starfsmenn, þar af 8 í 100% starf. Enn eru 25 pláss laus og ráðningar halda áfram til að unnt sé að úthluta í þau pláss sem fyrst. Leikskólastjórnendur eru bjartsýnir á framhaldið.

Kór: Leikskólinn Kór hefur átt erfitt með mönnun síðustu ár og enn eru 34 pláss laus í þeim leikskóla miðað við fulla nýtingu. Unnið er að mönnun og vegna óhagstæðrar aldurssamsetningar í leikskólanum er stefnt að því að úthluta í 24 rými til viðbótar á haustönn um leið og mönnun er fullnægjandi.

Sólvörf: Enn á eftir að úthluta í 21 pláss miðað við fulla nýtingu. Vegna stækkunar skólans á síðasta ári er Sólvörf með fremur óhagstæða aldurssamsetningu í leikskólanum og flest ung börn. Stefnt er að úthlutun í 11 laus rými á haustönn um leið og mönnun er fullnægjandi.



Staða í einstökum leikskólum

Aðalþing: Leikskólinn er fullmannaður og aðlögun lokið.

Arnarsmári: Leikskólinn er fullmannaður og aðlögun að ljúka.

Austurkór: Mönnun hefur gengið vel og búið er að manna deildar miðað við þann barnafjölda sem hefur hafið dvöl sbr. hér að ofan. Unnið er að því að þjálfa upp allt það nýja starfsfólk sem ráðið hefur verið.

Tveir deildarstjórar hafa verið ráðnir til að opna tvær deildir sem verið hafa lokaðar síðustu ár. Þeir eru nýútskrifaðir B.Ed. í leikskólakennarafræðum á námsstyrk hjá bænum. Í Austurkór eru jafnframt nýr leikskólastjóri sem hóf störf í mars og aðstoðarleikskólastjóri sem hóf störf í ágúst.

Álfaheiði: Leikskólinn er fullmannaður og aðlögun að ljúka.

Álfatún: Leikskólinn er nánast fullmannaður og aðlögun að ljúka.

Baugur: Í Baug vantar 5-7 starfsmenn vegna óvæntra aðstæðna, s.s. langtímaveikinda, fæðingarorlofs og starfsfólk sem ráðið hafði verið fyrir sumarleyfi mætti ekki til starfa í ágúst. Af þessum ástæðum hefur aðlögun tafist hjá 9 börnum sem fengið hafa úthlutun. Jafnframt á eftir að úthluta í 2 laus pláss sem ekki hefur verið úthlutað. 8 starfsmenn hafa verið ráðnir í leikskólann síðustu vikur.

Dalur: Leikskólinn er fullmannaður og aðlögun nánast lokið. Enn vantar matráð og aðstoðarmatráð og matur er því aðkeyptur eins og er.

Efstihjalli: Leikskólinn er nánast fullmannaður, aðeins á eftir að ráða starfsfólk í stuðning. Öll börn sem fengið hafa úthlutun hafa fengið tíma í aðlögun.

Undanfarin 3 ár hafa verið laus pláss í Efstahjalla vegna mönnunarvanda en nú er leikskólinn nánast fullnýttur, einungis á eftir að úthluta í 6 pláss og verður það gert á næstunni.

Í Efstahjalla er nýr leikskólastjóri sem hóf störf 1. júní, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.

Fagrabrekka: Leikskólinn er fullmannaður og aðlögun að ljúka.

Fífusalir: Leikskólann vantar 1-2 starfsmenn eins og staðan er í dag. Enn á eftir að úthluta í 10 laus pláss og stefnt að úthlutun þeirra í október. Allir sem fengið hafa úthlutun hafa fengið tíma í aðlögun.

Furugrund: Leikskólinn er fullmannaður en fyrirséð að vanti 2 stöðugildi í nóvember. Aðlögun er að ljúka.



Grænatún: Leikskólinn er fullmannaður og aðlögun lokið.

Kópahvoll: Leikskólinn er fullmannaður og aðlögun lokið. Aðeins eftir að úthluta í eitt laust pláss og verður það gert á næstunni.

Kópasteinn: Leikskólinn er fullmannaður og öll börn komin með tíma í aðlögun.

Kór: Leikskólinn er fullmannaður miðað við fjölda barna sem fengið hafa tíma í aðlögun. Enn á eftir að manna vegna 6 barna sem fengið hafa úthlutun en ekki tíma í aðlögun. Þar að auki vantar enn nokkurn fjölda starfsmanna til að unnt sé að úthluta í laus pláss. Ráðningar hafa gengið erfiðlega en leikskólanum verður fylgt eftir og lausum plássum úthlutað um leið og mönnun lýkur.

Lækur: Leikskólinn er fullmannaður og aðlögun langt komin. Einstaklega vel hefur gengið að ganga frá ráðningum í leikskólann og 13 starfsmenn verið ráðnir undanfarnar vikur og úthlutað í öll laus pláss.

Marbakki: Mönnun er nokkuð góð, vantar einn starfsmann. Öll börn sem fengið hafa úthlutun hafa fengið tíma í aðlögun.

Núpur: Leikskólinn er nánast fullmannaður, vantar aðeins í sérkennslu. Öll börn sem fengið hafa úthlutun eru búin að fá tíma í aðlögun. 8 nýir starfsmenn hafa verið ráðnir í leikskólann undanfarið. Í dag eru 6 pláss laus vegna óvæntra flutninga í önnur hverfi og verður úthlutað í þau á næstu dögum.

Rjúpnahæð: Leikskólinn er fullmannaður. Aðlögun stendur yfir og enn eru 5 laus pláss við leikskólann sem úthlutað verður á næstu dögum.

Sólhvörf: Leikskólinn er fullmannaður miðað við þann barnafjölda sem búið er að úthluta og fengið hafa tíma í aðlögun. Vegna fjölgunar leikskólaplássna á síðasta ári hefur þróunin orðið sú að leikskólinn er með hlutfallslega mun fleiri ung börn en aðrir leikskólar. Húsnæði leikskólans er hannað fyrir 3-6 ára börn og taka þarf tillit til þess við úthlutun á næstunni. Úthlutað verður í laus pláss í leikskólanum á næstunni eða eins fljótt og kostur er m.v. mönnun og aðlögun barna.

Urðarhóll: Leikskólinn er fullmannaður og síðasti hópur barna byrjar í aðlögun í vikunni 11.9.-15.9.



Staða biðlista 12. september 2023

Biðlisti leikskóla breytist dag frá degi. Miðað við stöðuna 12. september eru 82 pláss laus sem stefnt er að því að úthluta í á næstu mánuðum. Börn fædd í febrúar 2022 hafa ekki fengið úthlutun enn sem komið er en stefnt er að því að úthluta þeim um leið og mönnun er lokið í þeim leikskólum sem enn hafa laus pláss. Enn sem komið er verður ekki unnt að gefa foreldrum barna fæddum í mars 2022 væntingar um pláss í haust en stöðugt er verið að skoða biðlistann með hliðsjón af stöðu mönnunar í leikskólum.

Biðlisti 12.09.2023				Janúar		feb/mars	Samtals
	2018	2019	2020	2021	2022	2022	
Aðalþing				2		2	4
Arnarsmári				1		6	7
Austurkór					1	2	3
Álfaheiði						6	6
Álfatún						2	2
Baugur		1			1	4	6
Dalur						3	3
Efstihjalli	2	1		1		2	6
Fífusalir						3	3
Furugrund				1		4	5
Grænatún						1	1
Kópahvoll						4	4
Kópasteinn			1	1		6	8
Kór						2	2
Lækur						4	4
Fagrabrekka							0
Marbakki							0
Núpur		1	1		1	1	4
Rjúpnahæð			1			2	3
Sólhvörf		1		1			2
Urðarhóll			2	1	2	4	9
Samtals	2	4	5	8	5	58	82

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Sigurlaug Bjarnadóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar



TRÚNAÐARMÁL